



Alþingi
Erindi nr. P 136/1374
komudagur 20.3.2009

20. mars 2009

SI-50392

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 13. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 411. mál.

Seðlabankinn telur að umrætt eignaumsýslufélag eigi einkum að koma að endurskipulagningu stórra þjóðhagslegra mikilvægra fyrirtækja, sem hefðu kerfislega þýðingu, þ.e. fyrir starfsemi annarra fyrirtækja og hagkerfið allt.

Seðlabankinn telur að skerpa megi á orðalagi 2. mgr. 3. gr. um söluskylduna á þennan hátt:

Eignarhluti í atvinnufyrirtækjum sem félagið hefur eignast og orðin eru rekstrarhæf skal selja svo skjótt sem markaðsaðstæður leyfa.

Í 1. m. 4. gr. segir að fjármálaráðherra eða félag í eigu ríkissjóðs fari með eignarhlut ríkisins í eignaumsýslufélaginu.

Seðlabankinn telur að þegar slíkt félag er milliliður milli ráðherra og eignaumsýslufélags geti ábyrgðin á eignaumsýslufélaginu orðið óskýr. Telja verður að sjálfstæð stjórn eignaumsýslufélagsins sem bæri ábyrgð gagnvart ráðherra væri heppilegra fyrirkomulag.

Í 1. mgr. 5. gr. segir að stjórn félagsins skuli skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Seðlabankinn telur æskilegt að fram komi með skýrum hætti hvaða ráðherra skipi í stjórn félagsins og að stjórnin verði eingöngu skipuð fagmönnum.

Í 1. mgr. 6. gr. er talað um aðila vinnumarkaðarins án nánari afmörkunar. Seðlabankinn telur æskilegt að skilgreina betur hvað átt sé við með umræddum orðum.

Seðlabankinn er engu að síður hlyntur því að frumvarpið nái fram að ganga. Bankinn telur mjög mikilvægt að slíkt eignaumsýslufélag sé stofnað

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK


SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

til þess að hinum þjóðhagslegu mikilvægu atvinnufyrirtækjum verði stjórnað og þau endurskipulögð á virkan hátt, þar sem það muni hjálpa til við að efla að nýju vöxt í íslensku hagkerfi.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri



Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri